

REGLUR

um Lánasjóð nemenda í skipstjórn og vélstjórn.

1. gr.

Nafn sjóðsins.

Sjóðurinn heitir Lánasjóður nemenda í skipstjórn og vélstjórn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnfé sjóðsins er 1 millj. kr. framlag frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að veita lán þeim er stunda skipstjórnar- og/eða vélstjóranám.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Framlög sem sjóðnum kunna að áskotnast.
- b) Vaxtatekjur, lántökugjald og verðbætur.
- c) Aðrar tekjur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur fulltrúum. Þeir eru; skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélaskóla Íslands sem jafnframt er formaður, einn fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendaráðum skólanna og einn fulltrúi tilnefndur af LÍÚ.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela banka eða sparisjóði vörslu sjóðsins, innheimtu lána og annað það er leiða kann af starfsemi hans.

Leggja skal endurskoðaðan reikning fyrra almanaksárs fyrir stjórn sjóðsins eigi síðar en 15. apríl árið eftir.

5. gr.

Umsóknir um lán.

Allar umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð, sem sjóðstjórn lætur í té og skal þeim fylgja staðfesting viðkomandi skólayfirvalda um að umsækjandi sé við nám.

Umsóknir skulu berast fyrir 15. október á haustönn og 15. febrúar á vorönn ár hvert.

Sjóðstjórn skal stefna að afgreiðslu lána fyrir 15. nóvember og 15. mars ár hvert.

6. gr.

Úthlutun lána.

Fjárhæðir lána skulu ákveðnar af stjórn sjóðsins í samræmi við tekjur hans og eignir hverju sinni.

Við úthlutun úr sjóðnum skal stjórn hans m. a. taka tillit til fjölskyldustærðar, búsetu umsækjanda og annarra aðstæðna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

7. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 13. janúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa og skipulags- og byggingarnefndar Rangárbings eystra.

1. gr.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Einbýlishús	67.200
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	56.000 pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	47.000 pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	40.300 pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	33.600 pr. íbúð

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama með íbúðum, gólflötur allt að 500 fermetrar	67.200
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólflötur stærri en 500 fermetrar	89.600

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Frístundahús	56.000
Smáhýsi allt að 25 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	28.000
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, útihús á lögbýlum og viðbyggingar allt að 20 m ²	28.000
Viðbyggingar 20-100 fermetrar	39.200